

Aðalfundur sunddeildar Keflavíkur 26. janúar 2010

1. mál Fundarsetning

Aðalfundur sunddeildar Keflavíkur haldinn í K-húsinu 26. janúar 2010 kl. 20:00. Guðmundur formaður setti fundinn og bauð alla fundarmenn velkomna. Guðmundur benti fundarmönnum á heimasíðu deildarinnar þar sem finna má fundargerðir deildarinnar ásamt ársskýrslum. Á fundinn voru mættir 9 fundarmenn auk stjórnar (6) sem skráðu sig á meðfylgjandi blað.

2. mál Kosning fundarstjóra

Formaður lagði til að Hjördís yrði fundarstjóri og var það samþykkt einróma.

3. mál Kosning fundarritara

Guðmundur lagði til að Sigurbjörg yrði fundarritari og var það samþykkt einróma.

4. mál Fundargerð síðasta aðalfundar

Sigurbjörg las upp fundargerð síðasta aðalfundar og var hún samþykkt án athugasemda.

5. mál Skýrsla stjórnar

Guðmundur fór yfir skýrslu stjórnar sem er að finna á heimasíðu sunddeildarinnar.

Sundárið 2009 var með hefðbundnu sniði. Það reyndist erfitt að fylgja eftir góðum árangri frá því í fyrra þar sem sundlið ÍRB vann flest sem hægt var að vinna. Það má segja að þetta hafi verið nokkurs konar silfurár, silfur á Aldursflokkameistaramóti Íslands (AMÍ), silfur hjá kvennaliði ÍRB á Bikarkeppni Sundsambands Íslands, brons hjá karlaliði ÍRB á Bikarkeppninni og ívið lakari árangur en í fyrra í einstaklingsgreinum á Íslandsmótinu í 50 metra laug í vor. Þessi frammistaða var út af fyrir sig ágæt en við teljum okkur geta gert betur og setjum jafnan markið á sigur í liðakeppnum og sterka útkomu í einstaklingsgreinum á öllum mótum.

Helstu mót ársins í Vatnaveröld voru páskamótið okkar, Bikarkeppni SSÍ, Sparisjóðsmót ÍRB og jólamót ÍRB.

Þá fóru sundmenn Keflavíkur m.a. á Íslandsmeistaramót í 25m og 50m laug, AMÍ, Akranesleika, Smáþjóðaleikana og Íslandsmeistaramót Garpa.

Birkir Már Jónsson var valinn sundmaður Keflavíkur 2009 en hann hefur æft erlendis á árinu og staðið sig vel.

Guðmundur minntist Ólafs Þórs Gunnlaugssonar sem féll frá á árinu en hefur haft mikil áhrif á sundíþróttina í landinu.

Samstarf Sunddeildar Keflavíkur og Njarðvíkur hefur staðið í 8 ár og nú hyllir undir að samstarfið verði bundið fastari böndum en verið hefur með stofnun sundráðs ÍRB.

Æfingagjöld hafa verið óbreytt þetta árið og erum við með lægri æfingagjöld en önnur félög sem við höfum borið okkur saman við.

Guðmundur þakkaði stuðningsaðilum okkar.

Skýrsla stjórnar samþykkt án athugasemda.

6. mál Ársreikningar lagðir fram

Guðmundur fór yfir ársreikninga deildarinnar fyrir síðasta árs. Tap ársins var 211.326 kr. sem skýrist aðallega af færri iðkendum og minni umsvifum í mótahaldi, sem fylgir reyndar gjöld á móti.

Bjarney bað um orðið vegna reikninga sunddeildar. Benti á að styrkurinn frá Aðalstjórn sem tiltekinn er á reikningum eigi í raun að vera þjálfarastyrkur frá Reykjanesbæ.

Hún benti einnig á að færri keppendur komust á AMÍ en undanfarin ár og því væru gjöld til SSÍ mun lægri núna en undanfarin ár. Einnig var spurt um viðskiptakröfur og fyrir hvað sú upphæð stæði.

Guðmundur útskýrði að viðskiptakröfurnar stæðu fyrir skuld Lífstíls vegna sólarbekkja. Reikningar samþykktir samhljóða.

7. mál Kaffihlé

8. mál Kosningar

a) Falur Daðason kosinn sem formaður sunddeildar Keflavíkur.

b) Sigurbjörg Róbertsdóttir, Hjördís Kristinsdóttir, Júlíus Friðriksdóttir og Ásta Gunnarsdóttir kosnir meðstjórnendur.

c) Sigurþór Sævarsson, Svala Robertson og Friðrik Hrannar Ólafsson kosin í varastjórn.

d) Daði Þorgrímsson og Margeir Þorgeirsson kosnir skoðunarmenn reikninga og Birgir Ingibergsson til vara.

e) Nefndir og ráð vísað til stjórnar.

9. mál Æfingagjald fyrir næsta ár ákveðið

Vísað til stjórnar samhljóða af fundarmönnum.

10. mál Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár

Guðmundur lagði fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs. Fjárhagsáætlun samþykkt einróma.

11. mál Önnur mál

a) Linda Birgisdóttir kom með fyrirspurn vegna fækkunnar iðkenda hvort að það væri ákveðin aldur sem væri ekki að skila sér í sunnið. Einnig var spurt um foreldraráð og störf þess. Hún benti einnig á að áherslan mætti heldur ekki vera eingöngu á iðkendur 12 ára og eldri og afrekssundmenn heldur einnig sundmenn sem eru að synda ánægjunnar

vegna. Hjördís svaraði því að helsta skýringin væri að fáir sundiðkendur væru að skila sér úr Heiðarskólalaug og einnig vantaði iðkendur frá 8 – 12 ára. Verðum að þjappa okkur saman og snúa við þessari þróun. Foreldraráð hefur aðallega verið að starfa með sundmönnum 12 ára og yngri og þjálfarar séð um yngri sundiðkendur og þeirra ferða sem farnar eru með þeim.

b) Bjarney skilaði kveðju frá Einari Haraldssyni formanni Keflavíkur sem er erlendis. Hún þakkaði einnig Guðmundi fráfarandi formanni vel unnin störf og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar ásamt nýjum formanni. Aðalfundur Keflavíkur verður 25. febrúar. Einnig ræddi Bjarney um að mæting foreldra mætti vera betri t.d. á aðalfund deildarinnar. Félagið er við og börnin.

c) Guðmundur þakkaði Lindu og Bjarneyju fyrir þeirra orð. Hann sagði einnig að það væri alveg skýrt í stjórn sunddeildar Keflavíkur að við viljum halda bæði afrekskrökkum og hinum almenna sundiðkenda og við viljum að foreldarstarf sé virkt frá yngstu sundmönnum og til þeirra elstu.

Guðmundur þakkaði fráfarandi stjórn fyrir góð störf.

Stjórn þakkaði Lilju og Guðmundi fyrir vel unnin störf og afhenti þeim myndir sem þakklætisvott.

d) Lilja þakkaði fyrir sig og hvatti aðra foreldra til að taka þátt í starfi sunddeildarinnar.

e) Hjördís talaði um að Guðmundi yrði þakkað fyrir hans störf síðar.

f) Guðmundur óskaði nýrri stjórn til hamingju og væntir þess að starf sunddeildar Keflavíkur verði öflugt nú sem áður.

g) Falur, nýr formaður sunddeildar Keflavíkur, hvatti foreldra til að koma á æfingar yngri sundmanna. Áhorf foreldra virkar hvetjandi á sundmenn og sem aðhald á þjálfara. Falur þakkaði traustið og væntir þess að samstarf nýrrar stjórnar verði gott.

h) Sigmar bar upp spurningu varðandi fjármál Sundráðs ÍRB. Guðmundur svaraði því til að tekjur frá iðkendum jafnast út núna þannig að Keflavík og Njarðvík myndu borga hlutfallslega jafnt til sundráðs. Sunddeild Keflavíkur mun veita sundráði ÍRB aðhald í fjármálum. Sjóðir sunddeildar Keflavíkur verða áfram í umsjón sunddeildar Keflavíkur.

12. mál Fundi slitið

Hjördís sleit fundi kl. 21:45

Fundarritari: Sigurbjörg Róbertsdóttir